



Reykjavík, 27. maí 2021
PON21050044

Til borgarráðs
Ráðhúsi Reykjavíkur

Efni: Heimild til að hefja kaup á vinnu við viðhald og þróun á hönnunarkerfi Reykjavíkurborgar.

Óskað er eftir að borgarráð heimili Þjónustu- og nýsköpunarsviði, að hefja kaup á vinnu við viðhald og þróun á hönnunarkerfi Reykjavíkurborgar. Verkefnið er fjármagnað af kostnaðarstað 2101 Áhöld, tæki og búnaður á fjárfestingaráætlun 2021-2025, og tilheyrir stafrænni umbreytingu - hugbúnaður og ný upplýsingakerfi / U-VEFTH. Áætlaður framkvæmdartími verkefnis er júní 2021 t/m desember 2021.

Vísað er til minnisblaðs þess efnis, dagsett þann 27. maí 2021.

F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Þróstur Sigurðsson,
skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Þróstur Sigurðsson, skrifstofustjóri stafrænnar Reykjavíkur

Efni: Heimild til að hefja kaup á vinnu við viðhald og þróun á hönnunarkerfi Reykjavíkurborgar.

Óskað er eftir að borgarráð heimili Þjónustu- og nýsköpunarsviði, að hefja kaup á vinnu við viðhald og þróun á hönnunarkerfi Reykjavíkurborgar. Verkefnið er fjármagnað af kostnaðarstað 2101 Áhöld, tæki og búnaður á fjárfestingaráætlun 2021-2025, og tilheyrir stafrænni umbreytingu - hugbúnaður og ný upplýsingakerfi / U-VEFTH. Áætlaður framkvæmdartími verkefnis er júní 2021 t/m desember 2021.

Forsaga:

Hönnunarkerfi eru leið stærri stofnanna og fyrirtækja til að ná með heildstæðum hætti utan um ásýnd sína og búa til miðlægan stað sem heldur utan um alla hönnun sem er nauðsynleg við gerð markaðsefnis, vefsíðna, stílbóka og hverskonar innri og ytri samskipta. Með miðlægu hönnunarkerfi fá auglýsingastofur, hugbúnaðarhús og aðrir hagaðilar það tól sem í hendurnar þarf til að hefja strax vinnu við verkefni í stað þess að byrja frá grunni í hvert sinni með tilheyrandi aukakostnaði.

Á síðasta ári leit hönnunarkerfið Hanna ljós. Hanna var upphaflega þróuð fyrir vefumhverfi borgarinnar en ekki leið þó á löngu þar til byrjað var að nýta hönnunarkerfið til framleiðslu á hverskyns stafrænu efni enda kerfið vel til þess fallið. Skrifstofur, deildir og svið borgarinnar hafa nú mörg hver nýtt sér kerfið til að útbúa einföld vefsvæði og vinna hverskonar efni til birtingar á stafrænum miðlum. Íbúar verða svo varir við birtingu þessa efnis á þann veg að Reykjavíkurborg sé einn þjónustuaðili með eina skýra ásýnd og rödd.

Greinargerð:

Lærdómurinn við vinnslu og útfærslu á fyrsta fasa hönnunarkerfisins Hönnu hefur verið mikill og góður. Komið hefur í ljós að rík þörf er fyrir samræmt útlit sem almennir starfsmenn borgarinnar geta nýtt sér, ekki einungis fyrir vef heldur fyrir stafræna miðla almennt sem og skapalón fyrir glærur, skýrslur, bréfsefni og fleira slíkt hið sama.

Einnig þarf að leysa hvernig hönnunarkerfið meðhöndlar myndaleit, bæta við ljósmyndum með viðeigandi réttindum, setja inn stílbók og bæta inn kóða fyrir fleiri vefsumsjónarkerfi og kerfiseiningar. Þá þarf einnig að bæta inn í kerfið viðbótum sem hafa orðið til í öðrum verkefnum eins og úr vefsvæði Græna plansins.



Unnið verður að uppsetningu sýningarvefs (e. *showcase*) fyrir hönnunarkerfið sem útskýrir tilurð þess, virkni og fyrirkomulag fyrir starfsmönnum og notendum. Að lokum þarf að vinna að frekari innleiðingu á hönnunarkerfinu meðal annars með því að skipta hlutverkum teyma á rekstri kerfisins og skilgreina mismunandi ábyrgðarsvið.

Vel þróað hönnunarkerfi einfaldar alla uppsetningu á efni og eyðir óvissu um ákvarðanir um hvernig hlutir eiga að vera. Gera má ráð fyrir að viðbætur og þróun á hönnunarkerfinu muni einfaldi vinnu starfsmanna enn frekar og skapa áfram hagræðingu í verkefnum sem þurfa á hönnunareiningum að halda.

Verkefnið verður unnið í nánú samstarfi við samskiptateymi borgarinnar á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Kostnaður vegna verkefnis verður greiddur af eignasjóði sbr. samþykki borgarráðs þann 26. mars sl. um heimild Þjónustu- og nýsköpunarsviðs að hefja verkefnaklasa í tengslum við stafrænar umbreytingar.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir og fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Kostnaðarstaður: 2101 Áhöld, tæki og búnaður: stafræn umbreyting - Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi / U-VEFTH

Virðingarfyllst,

Þröstur Sigurðsson,
skrifstofustjóri stafrænnar Reykjavíkur